

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1272****2021/EES/80/06****frá 4. júní 2020**

um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/979 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2017/1129/ESB frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB ⁽¹⁾, einkum 7. gr. (13. mgr.), 21. gr. (13. mgr.) og 23. gr. (7. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 ⁽²⁾ er gerð krafa um að útgefendur verðbréfa sem eru breytanleg eða skiptanleg yfir í hlutabréf þriðja aðila birti viðauka við lýsingar sínar í þeim aðstæðum sem eru tilgreindar í 18. gr. þeirrar reglugerðar. Aftur á móti er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 ⁽³⁾, sem framseld reglugerð (ESB) 2019/979 kom í staðinn fyrir, ekki gerð krafa um að slíkir útgefendur birti viðauka í slíkum aðstæðum. Þar sem þessar reglur hafa reynst vel og ekki haft áhrif á stig fjárfestaverndar ætti að fjarlægja allar tilvísanir til útgefenda verðbréfa sem eru breytanleg eða skiptanleg yfir í hlutabréf þriðja aðila úr listanum í 1. mgr. 18 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/979.
- 2) Til að fjárfestar fái í hendur samanburðarhæft yfirlit yfir þróunina í sjóðstreymisýfirliti aðila sem er ekki fjármálastofnun sem gefur út hlutabréfatengd verðbréf ætti að bæta dálknum sem varðar upplýsingar um sjóðstreymið fyrir tvö ár á undan lýsingarárinu inn í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/979.
- 3) Reitur 26 í VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/979, sem tengist heimildarskírteinum, vísar til „DRCP“. Sá reitur ætti þó að vísa til „DPRS“, sem er tilvísunin sem er notuð í tilvísunargagnakerfi fyrir fjármálagerninga (FIRDS) sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) starfrækir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽⁴⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 300, 14.9.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/979 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/301 (Stjtið. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 1).

(³) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 382/2014 frá 7. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingu viðauka við útboðs- og skráningarlýsingu (Stjtið. ESB L 111, 15.4.2014, bls. 36).

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

- 4) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/979 til samræmis við það.
- 5) Í tékknesku, ensku, portúgölsku og slóvakísku tungumálaútgáfunum af 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/979, hefur einu orði verið sleppt, sem veldur því að erfitt er að skilja ákvæðið. Leiðréttu ætti þetta ákvæði til samræmis við það.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Í þágu réttarvissu ættu samantektir lýsinga sem samþykktar voru á milli 21. júlí 2019 og 16. september 2020 að gilda áfram þar til gildistími þeirra rennur út.
- 8) Beiting ákvæða reglugerðar (ESB) 2017/1129 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/979 hófst 21. júlí 2019. Í þágu réttarvissu og til að tryggja að tilkynningagáttin fyrir lýsingar virki með réttum hætti ættu 1., 3. og 4. liður 1. gr. og 2. gr. þessarar framseldrar reglugerðar að koma til framkvæmda sama dag og reglugerð (ESB) 2017/1129 og framseld reglugerð (ESB) 2019/979.
- 9) Með hliðsjón af því hversu aðkallandi þetta mál er og því hve gildissvið og áhrif draganna að eftirlitsstöðlum sem reglugerð þessi byggist á eru takmörkuð hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hvorki haft opið samráð við almenning né greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁵⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/979

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/979 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. mgr. 18. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) eftirfarandi kemur í stað i. og ii. liðar í a-lið:

„i. útgefandi ef lýsing varðar hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum,

ii. útgefandi undirliggjandi hlutabréfa eða annarra framseljanlegra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum ef um er að ræða verðbréf sem um getur í 2. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 20. gr. í framseldri reglugerð 2019/980,“
 - b) eftirfarandi kemur í stað i. og ii. liðar í d-lið:

„i. útgefanda ef lýsing varðar hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum,

ii. útgefanda undirliggjandi hlutabréfa eða annarra framseljanlegra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum, ef lýsing varðar verðbréf sem um getur í 2. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 20. gr. í framseldri reglugerð 2019/980,“
 - c) í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) þriðju aðilar setja fram nýtt yfirtökutilboð, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB (*), eða niðurstaða einhvers yfirtökutilboðs verður aðgengilegt að því er varðar eitthvað af eftirfarandi:

 - i. hlutabréf í útgefanda ef lýsing varðar hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum,
 - ii. hlutabréf í útgefanda undirliggjandi hlutabréfa eða annarra framseljanlegra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum ef lýsing varðar verðbréf sem um getur í 2. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 20. gr. í framseldri reglugerð (ESB) 2019/980,

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- iii. hlutabréf í útgefanda undirliggjandi hlutabréfa vegna heimildarskírteina þegar lýsing er samin í samræmi við 6. og 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtið. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12).“

- d) eftirfarandi kemur í stað i. og ii. liðar í f-lið:

„i. hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum,

ii. verðbréf eins og um getur í 2. mgr. 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980,“

- e) í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) líklegt er að ný, umtalsverð fjárskuldbinding leiði til umtalsverðrar vergrar breytingar í skilningi e-liðar 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 ef lýsing varðar hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum eða verðbréfunum sem um getur í 2. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 20. gr. þeirrar framseldu reglugerðar,“

- 2) Eftirfarandi 22. gr. a bætist við:

„22. gr. a

Samantektir lýsinga sem samþykktar voru á milli 21. júlí 2019 og 16. september 2020 fyrir aðila sem ekki eru fjármálastofnanir sem gefa út hlutabréfatengd verðbréf.

Samantektir lýsinga sem hafa að geyma upplýsingar eins og um getur í töflu 3 í I. viðauka og sem hafa verið samþykktar á milli 21. júlí 2019 og 16. september 2020 gilda áfram þar til gildistími þessara lýsinga rennur út.“

- 3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við 1. viðauka við þessa reglugerð,
4) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við 2. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/979

Í stað 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/979 kemur eftirfarandi:

„21. gr.

Niðurhal skjala og fylgigagna

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tryggja að öll upphöluð skjöl og fylgigögn séu aðgengileg viðkomandi lögbærum yfirvöldum í tilkynningagáttinni.“

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1., 3. og 4. liðar 1. gr. og 2. gr. skulu þó gilda frá 21. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

1. VIÐAUKI

Í stað töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/979 kemur eftirfarandi:

„Tafla 3

Sjóðstreymisýfirlit fyrir aðila sem ekki eru fjármálastofnanir (hlutabréfatengd verðbréf)

	Ár	Ár -1	Ár -2	Árshluti	Samanburðarárshluti frá sama tímabili á árinu á undan
*Viðeigandi handbært fé frá rekstri og/eða sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum og/eða reiðufé frá fjármögnunarhreyfingum“					

2. VIÐAUKI

Í stað „DRCP“ í reit 26 í töflu 1 í VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/979, í dalkinum „Snið og staðlar sem nota skal til tilkynningar“, kemur „DPRS“.
